

**Sþ.**

**179. Nefndarálit**

**[42. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frv. Tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins gerðu fyrirvara með svofeldri bókun:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins óska að taka fram, að þótt þeir séu meðflutningsmenn að útgjaldatillögum nefndarinnar við 2. umr., telji þeir sig óbundna um afstöðu til einstakra tillagna og áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við fjárlagafrv., sem kunna að fela í sér breytingar á tillögum nefndarinnar. Munu þeir gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í sérstökum álitum.“

Tillögur til breytinga á tekjubálki frv. eru fluttar af meiri hl. nefndarinnar. Nefndin hefur eingöngu miðað athugun sína við fjárlagafrv. það, sem lagt var fyrir Alþingi í lok janúarmánaðar og vísað til fjárveitinganefndar 8. febr. s. l. Nefndin hefur haldið 34 fundi um málið og haft til meðferðar um 370 erindi frá ráðuneytum, stofnunum og einstaklingum. Nefndin hefur að venju notið mikilvægrar aðstoðar ýmissa embættismanna og hefur rætt við forstöðumenn flestra hinna umfangsmestu ríkisstofnana.

Þar sem ekki var auðið að hefja athugun fjárlagafrv. fyrr en mánuður var liðinn af fjárhagsárinu, taldi nefndin miklu varða að hraða störfum eftir föngum, hefur enda athugun málsins tekið mun skemmri tíma í nefndinni en venja er. Hefur því mun minni tíma verið varið til viðræðna við ýmsa aðila, en vinnubrögð í nefndinni að öðru leyti verið með eðlilegum hætti.

Svo sem lýst var af fjármálaráðherra í fransöguræðu hans um fjárlagafrv., eru veigamiklar breytingar í frv., miðað við fjárlög ársins 1959. Eru breytingar þessar að langmestu leyti afleiðingar löggjafarinnar um efnahagsmál og þeirri breyttu skipan, sem fyrirhuguð er á tryggingamálum og skattamálum. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að útgjöld ríkissjóðs verði á árinu 1960 um 430 millj. kr. hærri en í fjárlögum 1959. Orsök þessarar miklu hækkunar er ekki aukin þensla í ríkiskerfinu, heldur hitt, að ríkissjóður tekur nú við niðurgreiðslum þeim á vöruverði, sem áður hvíldu á útflutningssjóði, stórfelld hækkun verður á framlagi til almannatrygginga til hagsbóta fyrir þá, sem miður eru settir efnalega, og loks veldur gengisbreytingin óhjákvæmilega verulegri útgjaldaaukningu.

Við afgreiðslu fjárlaga 1959 voru ýmsir útgjaldaliðir lækkaðir um nær 50 millj. kr. Meiri hl. þessara lækkana var á ýmsum fjárfestingarliðum. Var þá tekið fram, að þær lækkanir gætu ekki orðið varanlegar. Einn þáttur efnahagsráðstafana núverandi ríkisstjórnar er óhjákvæmileg takmörkun fjárfestingar bæði opinberra aðila og einkaaðila. Tillögur nefndarinnar og fjárlagafrv. í heild markast af þessari óhjákvæmilegu nauðsyn, en hins vegar taldi nefndin þó ekki verða hjá því komizt að hækka ýmis fjárfestingarframlög, svo sem nánar verður gerð grein fyrir í nál. þessu, og ekki nú hægt að komast undan ýmsum fjárveitingum, sem felldar voru niður eða lækkaðar á s. l. ári. Miðað við fjárlög 1959 er því um allverulegar lækkanir á ýmsum fjárfestingarliðum að ræða.

Mjög hefur verið sótt á nefndina um stóraukin útgjöld, bæði til fjárfestingar og annarra mála, sem flest eru þörf og nauðsynleg. Hefur meiri hluti nefndarinnar lagt áherzlu á að spyrna, svo sem auðið var, fótum gegn auknum útgjöldum og því ekki talið sér fært að taka upp nema lítinn hluta þeirra óska um fjárframlög, sem fram hafa verið bornar. Útgjaldatillögur þær, sem meiri hl. n. stendur að, valda aðeins tæplega 1.8% hækkun á fjárlagafrv.

Óhjákvæmileg forsenda fjármálalegs jafnvægis í þjóðfélaginu er að halda útgjöldum ríkissjóðs innan þeirra marka, sem gjaldgeta þjóðarinnar leyfir. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar er stefnt að slíku jafnvægi. Brún nauðsyn er því að taka alla þætti ríkisútgjaldanna til gaumgæfilegrar athugunar og gæta þess vandlega, að útþenslan í ríkisútgjöldum leiði ekki til verðbólgu.

Það er álit meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga verði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar. Tillögur um það efni verða ekki fram bornar án rækilegrar athugunar og undirbúnings, sem fjárveitinganefnd er ekki unnt að framkvæma á fáum vikum. Því miður hafa flestar sparnaðarráðstafanir á undanförunum árum ekki borið mikinn

árangur, og er því mikilvægt, að málin verði nú tekin föstum tókum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjármálaráðherra í framsöguræðu hans fyrir fjárlagafrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlagafrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjármálaráðherra í þessu efni.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar og sértillögum meiri hl. hennar. Rétt er að taka sérstaklega fram, að nefndin hefur ekki orðið við neinum óskum um fjölgun starfsmanna hjá ríkisstofnunum.

#### Um 3. gr.

Tekin er upp ný áætlun um útgjöld og tekjur pósts og síma. Hefur nánari athugun leitt í ljós, að gengisbreytingin hefur enn meiri áhrif á afkomu þessarar stofnunar en gert var ráð fyrir í frv. Útgjaldahækkun stofnunarinnar er ætlunin að mæta með hækkun á seldri þjónustu, og er heildarafkoma pósts og síma áætluð um 103 þús. kr. betri en í frv.

Lagt er til að hækka framlag til gæzlustarsjóðs um 500 þús. kr. Í undirbúningi er ný lögjöf um meðferð drykkjusjúklinga. Er ljóst, að óumflýjanlegt er að verja auknu fé í þessu skyni.

#### Um 10. gr.

Samkvæmt ósk utanríkisráðuneytisins eru launagreiðslur til sendiráðsins í London hækkaðar um 35 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til upplýsinga- og kynningarstarfsemi um 200 þús. kr. Nefndinni hafa nú sem fyrr horizt ýmsar styrkbeiðnir, sem réttmætt er að sinna, en eðlilegast að afgreiða með fjárveitingu af þessum lið, enda utanríkisráðuneytið líklegast til að geta metið það, hvort tiltekin starfsemi horfi landi og þjóð til gagns á þessu sviði.

Tillag til Sameinuðu þjóðanna er talið verða að hækka um 195 þús. kr. í samræmi við skyldu Íslands til hlutdeildar í útgjöldum samtakanna.

Utanríkisráðuneytið hefur tilkynnt nefndinni, að hluti Íslands af byggingarkostnaði skrifstofubyggingar Atlantshafsbandalagsins, sem nú verði að greiða, sé rúmar 59 þús. kr.

Framlag Íslands til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er talið verða að hækka um 25 þús. kr.

Vegna skuldbindinga Íslands í sambandi við hlutdeild í tækniástoð Sameinuðu þjóðanna telur viðskiptamálaráðuneytið óumflýjanlegt að hækka þann lið um 154800 kr.

Framlög til ENEA og OSP eru ofreiknuð í frv. um 161134 kr.

#### Um 11. gr.

Lagt er til að hækka framlag til löggæzlu á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum um 60 þús. kr. Er framlag þetta nú óeðlilega lágt, miðað við sambærilega staði, en nauðsynlegt er að taka löggæzlustyrkina til heildarendurskoðunar.

Dómsmálaráðuneytið er nú að gera sérstakar ráðstafanir til að undirbúa umbætur á skipan fangelsismála. Er lagt til að veita 75 þús. kr. í þessu skyni.

Fyrirhugað er að hefja að nýju starfrækslu vinnuhælis að Kvíabryggju. Er samkvæmt ósk dómsmálaráðuneytisins lagt til að veita 500 þús. kr. til rekstrar hælisins.

Fjárveiting til áfengisvarnaráðs hefur verið óbreytt, frá því að ráðið hóf starfsemi sína. Starf ráðsins er nú orðið svo umfangsmikið, að talið er rétt að leggja til að hækka framlag til þess um 55 þús. kr.

#### Um 12. gr.

Lagt er til að hækka framlag til landspítalans um 1024003 kr. Í okt. 1959 hófu tveir stúdentar nám í rannsóknadeild spítalans með leyfi heilbrigðismálaráðuneytis-

ins. Laun þeirra eru alls 79005 kr., og er óumflýjanlegt að áætla fyrir þeirri greiðslu. Þá ónýttust aðrar aðalvélar röntgendeildar spítalans s. l. haust. Nýjar vélar hafa þegar verið pantaðar og munu kosta 445 þús. kr. Loks er talið óhjákvæmilegt að veita 500 þús. kr. til kaupa á ýmiss konar áhöldum í viðbyggingu spítalans, sem ráðgert er að fullgera á þessu ári. Fyrir er í frv. 500 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni.

Í fjárlögum 1959 voru veittar 375 þús. kr. til kaupa á röntgenvélum fyrir Vífilsstaðahæli. Í frv. eru 375 þús. aftur áætlaðar til þessara kaupa, en vegna gengisbreytingar þarf að veita 350 þús. kr. til viðbótar.

Í marz 1959 var verðskrá Rannsóknarstofu háskólans hækkuð um 15% til að standa straum af kostnaði við að ráða að stofnuninni lækni, rannsóknarkonu og ritara. Starfsfólk þetta hefur þegar verið ráðið og því óumflýjanlegt að gera ráð fyrir launum þess, 184297 kr.

Í frv. er svo sem áður lagt til að greiða sjúkrahúsum kaþólskra í Reykjavík og Hafnarfirði rekstrarstyrk, 10 kr. á legudag. Samngjarnt þykir að greiða St. Franciskus-sjúkrahúsinu í Stykkishólmi sama styrk, og eru áætlaðar 100 þús. kr. til að mæta þeim kostnaði.

Lagt er til að hækka styrk til ýmissa sjúklinga eftir úthlutun tryggingaráðs um 50 þús. kr. gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins. Hefur nefndin náð samkomulagi við Tryggingastofnunina um þá tilhögun.

#### Um 13. gr.

Ákveðið hefur verið að færa milli launaflokka þrjá birgðaverði og einn aðalverkstjóra hjá vegagerðinni. Starf þessara manna er nú orðið svo umfangsmikið, að þessi breyting er eðlileg. Hækkun launa af þessum sökum er 50831 kr.

Skipt er til nýrra akvega sömu fjárhæð og veitt var á s. l. ári, að viðbættum 500 þús. kr., sem veittar eru til að færa Þingvallaveg úr Almannagjá í samræmi við þál. frá 30. maí 1958.

Benzínfé til millibýggðavega er 1.3 millj. kr. hærra nú en í fjárlögum 1959.

Þá eru á 20. gr. veittar 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, sem ráðgert er að nefnd sú, er Alþingi kýs til úthlutunar á atvinnuaukningarfé, skipti milli héraða til þeirra vegabóta, sem brýnastar eru í þágu framleiðslu og afkomuöryggis.

Til nýrra brúa er lagt til að veita 1325000 kr. hærri fjárhæð en s. l. ár.

Til samgöngubóta á landi er því lagt til að veita 7125000 kr. hærri fjárhæð en 1959.

Lagt er til að hækka um 20% liðinn til fyrrverandi vegaverkstjóra til samræmis við ákvæði í 23. gr. frv.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til hafnargerða um 1.2 millj. kr.

Í vetur urðu miklar skemmdir á hafnargarðinum í Ólafsfirði af völdum ofviðris. Hliðstæðar skemmdir á hafnarmannvirkjum hafa áður verið bættar án móttframlags. Er lagt til að hækka framlag til hafnarbótasjóðs um 450 þús. kr. til þess að gera sjóðnum kleift að hlaupa hér undir bagga.

Vegna efnahagsráðstafana er óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu til viðhalds mannvirkja á Reykjavíkurflugvelli um 120 þús. kr.

Í samræmi við hækkun annarra námsstyrkja er lagt til að hækka um 60 þús. kr. fjárveitingu til að styrkja námsmenn í ýmsum greinum flugþjónustu.

Endurskoðaðar hafa verið kostnaðaráætlanir um alþjóðflugþjónustuna með hliðsjón af gengisbreytingunni og hækkar kostnaðarhluti Íslands um 244908 kr.

Nauðsynlegt er talið að heimila Veðurstofunni að ráða einn veðurfræðing, en aðrar launagreiðslur lækka, svo að útgjaldaauki er aðeins um 31 þús. kr.

Veðurþjónusta vegna millilandaflugs hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af gengisbreytingu.

#### Um 14. gr.

Lagt er til að hækka námsstyrki og námslán um 1970000 kr. Hækkar þá þessi liður alls um tæpar 3.6 millj. frá fjárlögum 1959. Á s. l. ári var ákveðin sérstök upphæð til læknanema við skyldunám í sjúkrahúsum. Rétt þykir að veita verkfræðinimum, sem eru á mælinganámskeiði vissan tíma, nokkurt aukaframlag á sama hátt.

Lagt er til að hækka um 3 millj. kr. framlag til byggingar nýrra skólahúsa. Áður hafði fjárveiting til skólabygginga í frv. verið hækkuð um 5.9 millj. frá fjárlögum 1959. Fjárveiting til skólabygginga hækkar því um 8.9 millj. kr. auk fjárveitinga til byggingar iðnskóla í Reykjavík.

Skógargirðing um hið myndarlega skóglendi við Eiðaskóla þarfnast mjög endurnýjunar, og enn fremur hefur reynzt óumflýjanlegt að leggja nýja vatnsleiðslu að skólanum. Er lagt til að veita 40 þús. kr. til þessara framkvæmda.

Talin er brýn nauðsyn að hafa lærða hjúkrunarkonu í skólahverfinu að Laugarvatni. Hefur skólastjóraráðið s. l. haust ráðið hjúkrunarkonu að skólunum. Þykir rétt að viðurkenna þessa nauðsyn og að ríkið greiði laun hjúkrunarkonunnar.

Bygging útihúsa á Laugarvatni var á sinum tíma viðurkennd falla undir lögin um fjármál skóla. Hluti rikissjóðs í mannvirki þessu mun vera rúm 1 millj. kr., og er lagt til að veita 222 þús. kr. sem lokagreiðslu.

Lagt er til að hækka um 150 þús. kr. fjárveitingu til styrktar erlendum námsmönnum í íslenskum skólum.

Hagur íþróttasjóðs er orðinn mjög bágborinn. Áætlað er íþróttanefnd ríkisins fjárhörf sjóðsins um 15 millj. kr. samtals til að geta greitt það framlag til íþróttamannvirka og veitt aðra þá þjónustu, er lög sjóðsins heimila. Ekki þykir verða hjá því komið að létta eitthvað þennan bagga, og er því lagt til að hækka fjárveitingu til sjóðsins í 2 millj. kr.

Lagt er til að hækka styrk til ÍSÍ um 25 þús. kr., fjárveitingu til ferðakennslu í íþróttum um 20 þús. kr., fjárveitingu til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar um 10 þús. kr. og til Axels Andrésónar um 4 þús. kr.

Fjárveiting til fyrrverandi barnakennara er hækkuð um 15 þús. kr.

Lagt er til að veita Frjálsíþróttasambandi Íslands 15 þús. kr. styrk vegna ráðstefnu norrænna forustumanna í frjálsum íþróttum, sem halda á hér á landi í sumar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til barnaverndarráðs um 40 þús. kr.

Starfsemi Skáksambands Íslands er bæði mikil og kostnaðarsöm. Er lagt til að hækka styrk sambandsins um 20 þús. kr.

Þjóðskjalasafnið fær nú til afnota í landsbókasafnshúsinu sal þann, sem náttúrugripasafnið áður hafði á neðri hæð hússins. Þarf að gera ýmsar lagfæringar á salnum og kaupa safnhirzlur. Er heildarkostnaður áætlaður um 700 þús. kr., en lagt er til að veita nú 300 þús. kr. til þessara framkvæmda.

Lagt er til að hækka um 10 þús. kr. framlag til þjóðminjasafns til örnefnasöfnunar.

Lagt er til að hækka styrki til Fornleifafélagsins og Sögufélagsins um 10 þús. kr. til hvors vegna hækkaðs prentkostnaðar.

Fornritaútgáfan er nú að undirbúa vandaða útgáfu á Landnámu. Er lagt til að veita félaginu 60 þús. kr. aukastyrk í þessu skyni.

Lagt er til, að Jón Dúason fái að halda þeim styrk til útgáfu rita sinna, er hann hafði í fjárlögum 1959.

Vegna gengisbreytingar er lagt til að veita héraðsskjalasafni Þingeyinga 10 þús. kr. viðbótarstyrk til kaupa á mikrofílmum.

Talið er óumflýjanlegt að hækka um 20 þús. kr. framlag til útgáfu safnrita um menningarsögu Norðurlanda.

Útgjöld Íslenska stærðfræðifélagsins eru að mestu í erlendum gjaldeyri, og er af þeim sökum lagt til að hækka styrk þess um 10 þús. kr.

Lagt er til að hækka styrk til útgáfu á æviskrám Dalamanna um 5 þús. kr. og veita útgáfufélaginu Sunnustef á Ísafirði 10 þús. kr. vegna útgáfu tónverka Jónasar Tómassonar. Er slík útgáfa kostnaðarsöm, en markaður lítil.

Niður fellur styrkur til Kristjáns Geirmundssonar, 10 þús. kr., þar eð hann mun ráðinn fastur starfsmaður að náttúrugripasafninu.

Þá hefur dr. Róbert A. Ottósson tjáð nefndinni, að styrkur til hans, 8 þús. kr. vegna rannsókna á íslenskri kirkjutónlist, megi niður falla.

Lagt er til að veita 200 þús. kr. til Vísindasjóðs.

Lagt er til að veita þremur leikfélögum 8 þús. kr. styrk hverju.

Lagt er til að veita 20 þús. kr. til tónlistarkennslu á Siglufirði, er skiptist milli tveggja skóla þar, og enn fremur hækka um 10 þús. kr. styrki til Tónlistarfélags Ísafjarðar og tónlistarskóla Keflavíkur.

Lagt er til að veita tveimur lúðrasveitum styrk, 10 þús. kr. hvorri, og söngfélaginu Heklu 10 þús. kr. styrk til söngkennslu.

Tvær umsóknir hafa borizt nefndinni frá íslenskum tónlistarmönnum um styrk til hljómlleikahalds erlendis. Nefndin telur, að rétt geti verið að veita slíka aðstoð, en telur eðlilegast, að menntamálaráði verði falið að meta það, og leggur til, að veittar verði 30 þús. kr. í þessu skyni.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til söng- og tónlistarnáms erlendis um 42 þús. kr. með hliðsjón af gengisbreytingunni.

Talið er óumflýjanlegt að gera ýmsar endurbætur á listasafnshúsi Einars Jónssonar, og er lagt til að veita 100 þús. kr. til þessara endurbóta.

#### Um 15. gr.

Lagt er til að hækka framlag til kristilegrar æskulýðsstarfsemi um 20 þús. kr.

#### Um 16. gr.

Felld er niður úr fjárlagafrv. fjárveiting til sýningarreita í jarðrækt og námskeiða, 500 þús. kr. Af þessari fjárveitingu hefur verið kostuð ýmis fræðslustarfsemi, og auk þess telur tilraunaráð jarðræktar ekki hægt að hætta alveg þessari tilraunastarfsemi. Er lagt til að hækka framlag til Búnaðarfélags Íslands um 260 þús. kr. til þess að standa straum af þessari starfsemi.

Lagt er til að hækka um 16 þús. kr. framlag til tilrauna og leiðbeininga með æðarvarp.

Ytri-Tunguá í Hörgárdal og Kotá í Örafum valda nú miklum skemmdum á löndum allmargra býla. Er lagt til að veita alls 170 þús. kr. til að girða fyrir spjöll þessi, gegn framlagi að  $\frac{1}{3}$  hluta frá bændum þeim, sem hlut eiga að máli.

Lagt er til að greiða að hálfu laun skógræktarráðunauts eins og laun héraðsráðunauta.

Talið er nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til tilrauna við bændaskólann á Hvanneyri um 30 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til sjóvarnargarða um 213 þús. kr.

Lagt er til að veita 20 þús. kr. til landþurrkunar á Stokkseyri, svo sem gert hefur verið undanfarin ár.

Vegna gengisbreytingar þarf að hækka framlag til Alþjóðahafrannsóknaráðsins una um 225 þús. kr.

Við endurskoðun fjárlagafrv. láðist að hækka fjárveitingu til haf- og fiskirannsóknna vegna efnahagsaðgerðanna. Er talið nauðsynlegt að hækka fjárveitinguna um 225 þús. kr.

S. l. ár var efnt til námskeiða í meðferð fiskileitartækja með góðum árangri. Efna þarf til slíkra námskeiða einnig í ár, og er lagt til að veita 35 þús. kr. í þessu skyni.

Iðnaðarmálastofnun Íslands missir á þessu ári 200 þús. kr. framlag, sem stofnunin hefur undanfarið fengið frá ECA. Verður að hækka framlag til stofnunarinnar sem þessu nemur.

Nefnd sú, sem iðnaðarmálaráðherra hefur skipað til þess m. a. að gera tillögur um fjáröflun til iðnlánasjóðs, hefur lagt til, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði hækkað í 2 millj. kr. Er lagt til að verða við þeim tilmælum.

Lagt er til að hækka styrk til byggingar iðnskóla í Reykjavík um 100 þús. kr. og veita 100 þús. kr. til byggingar iðnskóla á Akureyri.

Lagt er til að veita 50 þús. kr. til þess að stuðla að þátttöku íslenzkra aðila í vörusýningum erlendis og vörukynningu.

Norrænir yrkiskennarar efna til móts hér í sumar, og er lagt til að veita 16 þús. kr. til að standast ýmsan kostnað af þessu móti.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans til hagnýtra rannsókna og iðnaðarrannsókna um 100 þús. kr.

#### Um 17. gr.

Síðastliðin tvö ár hafa verið veittar 150 þús. kr. hvort skipti til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum gegn a. m. k. jafnháu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað. Enn er mikið ógert í þessu efni, og er lagt til að veita 150 þús. kr. einnig á þessu ári.

Undanfarin ár hefur verið unnið að jarðhitaborunum í Ólafsfirði fyrir um 350 þús. kr. Enn hefur ríkissjóður ekki greitt neitt af þessum kostnaði, svo sem lög þó gera ráð fyrir. Er lagt til að greiða nú 85 þús. kr. af þeim hluta kostnaðarins, sem ríkinu er ætlað að bera.

Starfsemi Björgunarfélags Vestmannaeyja er einstæð á sínu sviði. Hefur félagið nú starfað um 40 ára skeið. Félagið þarf nú að afla sér nýrra og dýrra tækja og er lagt til að veita því í viðurkenningarskyni 200 þús. kr. til kaupa á björgunartækjum.

Lagt er til að veita nokkrum samtökum, sem öll vinna að merkilegum félagsmálum, dálitla byggingarstyrki til þess að þoka áleiðis byggingum, sem þau eiga í smíðum fyrir starfsemi sína. Er hér um að ræða Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri, sem er að koma upp vinnuheimili, Blindrafélagið í Reykjavík, sem á dvalarheimili í smíðum, Barnaverndarfélag Akureyrar og barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar, sem eru að ljúka byggingu dagheimila fyrir börn, og samtök templara í Vestmannaeyjum og Siglufirði, sem eru að byggja sjómannaheimili.

Lagt er til að hækka styrk til Kvenréttindafélags Íslands um 10 þús. kr. og veita Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, 25 þús. kr. rekstrarstyrk.

#### Um 18. gr.

Erlendis munu vera búsettir 11 eftirlaunaþegar, flest ekkjur. Kemur gengisbreytingin illa niður á þessu fólki, og því þykir rétt að leggja til að greiða því uppþætur, er nemi 50%, og er þá eigi bætt skerðingin, sem varð vegna 55% yfirfærslugjaldsins.

#### Um 20. gr.

Mikil nauðsyn er að ljúka þeim áfanga í byggingu hjúkrunarkvennaskólans, sem nú er tekinn í notkun. Er lagt til að verja 250 þús. kr. í þessu skyni.

Skólahús garðyrkjuskólans á Reykjum er orðið svo illa farið, að talið er óumflýjanlegt að hefjast handa um byggingu nýs skólahúss. Er lagt til að veita 200 þús. kr. til byrjunarframkvæmda.

Lagt er til að veita 600 þús. kr. til framkvæmda á Hvanneyri svo sem á s. l. ári. Vatnsleiðslu mun nú verða að endurnýja, og kostar sú framkvæmd að minnsta kosti 500 þús. kr.

Mikilvægt er að geta sem fyrst hafizt handa um byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík. Er lagt til að hækka fjárveitinguna um 240 þús. kr.

Atvinnuaukningarfé er aukið um 4 millj. kr., er varið sé til samgöngubóta á landi, svo sem að er vikið í athugasemdum við 13. gr.

#### Um 22. gr.

Sjóflugi til Ísafjarðar er nú hætt að mestu og því engin not fyrir sjóflugskýlið þar. Er lagt til að heimila sölu á skýlinu og verja andvirðinu til flugvallargerðarinnar þar.

Til þess að stuðla að skipasmíði innanlands er talið nauðsynlegt að hækka ríkisábyrgðarheimild vegna skipasmíðastöðvanna í 10 millj. kr.

#### Um 23. gr.

Í grein þessari er lagt til að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 20% uppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og eftirlaun á 18. gr. fjárlaga. Er gert ráð fyrir, að útgjöld af þessum sökum geti numið um 2.3 millj. kr.

#### Tekjur :

Meiri hl. n. hefur endurskoðað tekjuáætlun frv. og stuðzt í því efni bæði við reynslu s. l. árs og greiðslujafnaðaráætlun þá, sem gerð hefur verið fyrir yfirstandandi ár.

Mikil óvissa er um innflutning á þessu ári og ýmis önnur atriði, sem áhrif hafa á afkomu ríkissjóðs. Ljóst er, að innflutningur hlýtur að minnka, þar eð gjaldeyristekjurnar leyfa ekki þann innflutning, sem verið hefur undanfarin ár, og efnahagsaðgerðirnar beinast einmitt að því marki að koma á jafnvægi í utanríkisviðskiptunum.

Meiri hl. n. leggur til að hækka áætlun frv. um tekjur af ýmsum núgildandi tekjustofnum um 20 millj. kr. Eru þá allir tekjuliðir í hámarki og sumir ríflega það, miðað við þær gjaldeyristekjur, sem talið er auðið að verja til innflutnings á þessu ári eftir greiðslujafnaðaráætluninni. Er þá ekkert eftir skilið utan fjárlagaáætlunar til að mæta umframgreiðslum, sem alltaf hljóta að verða einhverjar, og er aðeins svo langt gengið í trausti þess, að takast muni að takmarka umframgreiðslur svo sem var gert varðandi rekstrarútgjöld ríkissjóðs á s. l. ári. Voru þó áætlaðar þá um 15 millj. kr. til að mæta umframgreiðslum, en nú er sú upphæð mun lægri.

Að auki er lagt til að hækka áætlaðar nettótekjur af tóbaki og áfengi um 15 millj. kr. Ætti tóbakseinkasalan að geta skilað þeim tekjum án verðhækkunar af þeim sökum, en verð áfengis mun þurfa að hækka nokkuð.

Það er skoðun meiri hl. n., að fjárlög verði að afgreiðast raunverulega greiðsluhallalaus, og hefur afstaða meiri hl. til afgreiðslu mála í n. mótazt af þeirri nauðsyn.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hl. n. um tekjubálg frv., mundi niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda .....	kr. 25 233 594
÷ Lækkun gjalda .....	— 282 634

---

Hækkun gjalda alls kr. 24 950 960

---



Hækkun tekna .....	kr. 35 000 000
+ Greiðsluafg. í frv. ....	— 1 831 832
	<hr/>
	Tekjuauki alls kr. 36 831 832
	<hr/>
<b>Niðurstöðutölur:</b>	
Inn .....	kr. 1 499 704 500
Út .....	— 1 487 823 628
	<hr/>
	Greiðsluafgangur kr. 11 880 872
	<hr/>

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni, auk endurskoðunar á 18. gr. frv., sem að venju biður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 13. marz 1960.

Magnús Jónsson,	Birgir Finnsson,	Guðlaugur Gíslason.
form., frsm.	fundaskr.	
Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.	